



Óháð fréttablað á Vestfjörðum
BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur

18. febrúar 2010

7. tbl. · 27. árg.



**Vantar þig íbúð
til leigu?**

Hafðu samband!
sími: 456 6600



*Ljósíð í
boenum!*



Sími: 456 6660



Ákvað að sýna pabba og öll- um öðrum hvað hann gæti

Einar Ólafsson arkitekt frá Ísafirði var á sínum tíma einn af fremstu skíðamönnum sem Íslendingar hafa átt. Það sem hefur einkennt feril hans í íþróttum, framhaldsnámi og starfi er hæfileikinn til að horfa langt fram á veginn. Sjá viðtal í miðopnu.

Ljósmynd: Sigurður Gunnarsson.



| Eyrarskáli | Sími 525 7890 |

EIMSKIP

Yfir hafid og heim

Eiríkur Finnur sigraði

Eiríkur Finnur Greipsson, framkvæmdastjóri TH ehf., á Ísafirði sigraði í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ, sem fram fór í gær. Hann fékk 479 atkvæði í 1. sæti. Gísli Halldórsson, fjármálastjóri MÍ og bæjarfulltrúi, varð annar með

275 atkvæði í 1.-2. sæti og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, sagnfræðingur, varð þriðja með 356 atkvæði í 1.-3. sæti.

Kristín Hálfhálsdóttir varð í fjórða sæti með 380 atkvæði í 1.-4. sæti, Margrét Halldórsdóttir, hafnaði í fimmta sæti með 469

atkvæði í 1.-5. sæti og Guðný Stefania Stefánsdóttir varð í sjötta sæti með 546 atkvæði í 1.-6. sæti. Á kjörskrá voru 992 menn og greiddu 820 atkvæði. Kjörsókn var því 82,6%, sem verður að teljast mjög góð. Gild atkvæði voru 791 og ógild voru 29.



Vonbrigði að ná ekki fyrsta sætinu

Gísli H. Halldórsson lenti í öðru sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ á laugardag. „Það voru auðvitað vonbrigði að ná ekki fyrsta sætinu en um leið mjög ánægjulegt að ná öðru sætinu. Ég er ánægður með fylgið sem ég fékk þrátt fyrir að hafa haft afdráttarlausan málflutning t.d. í sjávarútvegs-málum. Ég hefði auðvitað viljað fá mikið meiri stuðning í fyrsta sætið, það er úr fyrsta sætinu sem ég hefði, sérstaklega hefði ég náð því að verða bæjarstjóri, getað haft mest áhrif og gert breytingar,“ segir Gísli. Gísli sóttist eftir fyrsta sæti í prófkjöriinu en hlaut annað sætið. Fyrsta sætið hlaut Eiríkur Finnur Greipsson.

„Úr öðru sætinu verður samt sem áður hægt að gera mikið og



Gísli H. Halldórsson.

þannig er líka hægt að hafa áhrif, svo það er mjög fýsilegur kostur,“ segir Gísli. Gísli lýst vel á listann og er ánægður með kjör-sókn. „Það sem er mjög jákvætt

fyrir okkur er góð þátttaka í prófkjöriinu, bæði það hversu margir vildu skrá sig í flokkinn, sem margir deila nú á. Fólk var tilbúið til þess að skrá sig í flokkinn, sem er mjög jákvætt. Það var yfir 80% þátttaka sem gefur okkur fljúgandi start út í kosninga-baráttuna, en að sjálfsögðu verð-um við að halda vel á okkar mál-efnum.“

Gísli segist ekkert vera búinn að gefa út um hvort hann taki sætið en gerir ráð fyrir að ákvörð-unin liggji fyrir á morgun. Gísli segir næstu skrefin hjá flokknum séu að koma saman, vinna lýð-ræðislega vinnu og funda. „Það er alltaf mjög skemmtilegt og ég reikna með að opinber kosninga-barátta hefjist eftir páska,“ segir Gísli H. Halldórsson.

– kristjan@bb.is

„Ég er í skýjunum“

Eiríkur Finnur Greipsson, framkvæmdastjóri sigraði í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Ísa-fjarðarbæ, sem fram fór á laugardag. „Ég er náttúrulega bara í skýjunum. Ég þakka þennan stuðning og þessa stuðningsyf-ir-lýsingu við mig,“ segir Eiríkur aðspurður um hvernig sigurinn leggist í hann. „Mér finnst líka flokkslegur ávinningur vera ein-stakur, það var góð kjör-sókn og gífurleg aukning í félagatali flokksins. Það hlýtur að gefa okkur tóninn um að við eigum góða möguleika í vor,“ segir Eiríkur. Eiríki Finni lýst vel á listann eins og hann er núna.

„Auðvitað er það þannig að þegar að mikið af hæfu fólki er að keppa um sömu sætin þá verða náttúrulega einhverjir óánægðir, ég skil fullkomlega vonbrigði þeirra sem ekki ná sínu markmiði því sjálfur hefði ég orðið fyrir

vonbrigðum hefði ég ekki ná minum markmiðum. Mér finnst allir þessir tíu sem gáfu kost á sér mjög frambærilega fólki til baráttu fyrir okkar samfélag og mér finnst mannvalið á listanum vera sérlega gott,“ segir Eiríkur.

Aðspurður um hvað taki við segir Eiríkur að kjörnefndin fari nú yfir stöðuna og listinn verði kláraður sem fyrst. „Síðan verður liðið stillt saman og við setjum upp vænlega stefnuskrá til sigurs, ég er bara sóknarmaður, nú verður bara að skipuleggja sókn-ina og klára þetta til enda. Þetta leggst vel í mig og ég íða í skinn-inu, þess vegna fór ég út í þetta,“ segir Eiríkur.

Eiríkur hefur gefið það út allt frá því að hann gaf kost á sér að hann væti tilbúinn að verða bæj-arstjóraefni listans ef það býðst. „Það er mikið sem er undir í slíkum efnum, nú er ég með

afgerandi stöðu í fyrsta sæti svo mér finnst að ég geti óskað eftir því við listann og mína flokks-menn að ég verði bæjarstjóraefni en auðvitað verðum við að sjá hvernig kosningarnar fara, það veltur líka á samstarfsaðilum en ég hlýt að setja stefnuna á hreinan meirihluta,“ segir Eiríkur. Eiríkur trúir því að flokkurinn eigi möguleika á meirihluta. „Tóninn í prófkjöriinu gefur jákvæðan undirtón í því að ná meirihluta, það ætti ekki að vera mjög fjar-lægur draumur en auðvitað vantar okkur talsvert til þess,“ segir Eiríkur. Eiríkur segist eiga stuðningsmönnum sínum miklar þakkir. „Ég vil þakka mínum stuðningsmönnum og flokks-mönnum fyrir góðan stuðning og mikla og góða þáttöku,“ sagði Eiríkur Finnur Greipsson, sem sigraði í prófkjöri Sjálfstæðis-flokksins

– kristjan@bb.is

„Viðunandi niðurstaða fyrir mig“

Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, sagnfræðingur á Ísafirði lenti í þriðja sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ á laugardag. „Þetta er viðunandi niðurstaða fyrir mig, ég kem ný inn og ég vissi að það væri á brattann að sækja því ég var að keppa við góða einstaklinga,“ segir Guðfinna sem sóttist eftir fyrsta sætinu sem Eiríkur Finnur Greipsson hlaut.

„Þetta leggst annars vel í mig, þetta er glæsilegur hópur. Maður vill helst alltaf ná því sem maður stefnir á en það er ekki alltaf hægt,“ segir Guðfinna. Guðfinna er ekki búin að taka ákvörðun um hvort hún taki sætið. „Þetta er búin



Guðfinna Hreiðarsdóttir.

ad vera mikil törn upp á síð-kastið þannig ég er aðeins að jafna mig en ég mun taka ákvörðun á næstu dögum,“ segir Guðfinna.

– kristjan@bb.is

Hlakkar til að takast á við verkefni

„Ég er afskaplega ánægð og þakklát fyrir það traust sem mér er sýnt,“ segir Kristín Hálfhálsdóttir um þann árangur sem hún náði í prófkjöri sjálfstæðismanna í Ísafjarðarbæ. Hún hafnaði í 4. sæti. „Það er gaman fyrir mig sem er að koma ný inn að vera næst á eftir þessum þremur efstu,“ bætir Kristín við. Hún segir að henni hafi fundist kosninga-baráttan hafa verið heidarleg og drengileg. Kristín sóttist eftir 3.-4. sæti en athygli vekur að hún fékk 96 atkvæði í 2. sætið.

„Kannski að það sé ein-hverjir þarna úti sem trúa svona á mig,“ segir Kristín aðspurð um ástæðuna að baki þess. Kristín segist vera bjart-sýn á frambaldið. „Mér list mjög vel á þennan hóp og ég hlakka til að takast á við verkefni framundan.“

Hún tekur fram að henni hafi fundist kjörnefndin hafa unnið mjög góða vinnu. „Allt var



Kristín Hálfhálsdóttir.

svo vel gert og var vel skipu-lagt. Það var fagmannalega að verki staðið í allan hátt.“ Hún segist líka vera ánægð með þá stemmningu sem myndaðist á prófkjördaginn. „Það var líf og fjör í bænum og eiginlega karnival stemm-ning í góða veðrinu. Þetta var alveg yndislegt.“

– thelma@bb.is

Brúnegg

Eru Egg ofurfæða?

Nýjar rannsóknir sýna fram á að fullyrðingar um að egg séu slæm fyrir hjartað séu rangar og, það sem meira er, að egg teljist jafnvel til „ofurfæðu“. Þau gætu í reynd verið vörn gegn hjartasjúkdómum, brjóstakrabbameini, augnsjúkdómum og eru jafnvel ágætis vopn í baráttunni við aukakílóin.

„Egg eru í raun mjög holl. Þau eru rík af næringarefnum,“ segir Joanne Lunn, sérfræðingur í næringarfræði hjá British Nutrition Foundation. Í einu eggjum er að finna 13 mikilvæg næringarefni, öll í rauðunni, en eggjahvítan er fitulaus og inniheldur albumen, mikilvæga uppsprettu prótína.

Egg eru fyrirtaks uppspretta B-vitamina sem eru nauðsynleg fyrir margs konar starfsemi líkamans. Egg búa einnig yfir góðum skammti af A-vitamíni sem er mikilvægt

fyrir vöxt og þroska. E-vítamínið sem finnst í eggjum getur einnig veitt vörn gegn hjartasjúkdómum og sumum tegundum krabbameins. Í eggjum er einnig D-vítamín sem hjálpar til við upptöku steinefna og styrkir bein. Þá eru egg rík af jöði sem þarf til myndunar skjaldkirtilshormóna og fofsórs sem er nauðsynlegt fyrir bein og tennur.

Eitt egg á dag - viðbótarvörn

- Unglingsstúlkur sem borða eitt egg á dag gætu myndað við-

bótarvörn gegn myndun brjóstakrabbameins síðar á ævinni, samkvæmt rannsókn sem birt var í lækningarritinu Breast Cancer Research. Það eru einkum amínósýrurnar, vítamínin og steinefnið sem finnast í eggjum sem geta veitt þessa vörn gegn krabbameini.

- Eggjarauður innihalda næringarefnið lútín og zeaxanthin sem talin eru veita vörn gegn, og jafnvel snúa við, kölkun í augnbotnum, einni algengustu orsök sjóndepru hér á Íslandi. Kölkun í augnbotnum

veldur blindu og er aldurstengdur sjúkdómur. Talið er að of lítil neysla á lútíni geti valdið þessum sjúkdómi.

- Egg eru hitaeiningasauð. Í stóru eggjum eru aðeins 75 kalóríur og 5 g af fitu. Ýmsar rannsóknir benda til þess að egg geti gagnast í baráttunni við aukakílóin og næringarfræðingar segja nú að fólk megi borða eins mikið af eggjum og því sýnist ef þau eru hluti af fjölbreyttu og skynsamlegu mataræði.

Grein úr Gestgjafanum, birt með góðfúslegu leyfi Gestgjafans.

52

OFURFÆÐA Í GRÆNUM BÖKKUM

STÓR

VISTVÆN

BRÚN EGG

ÚR FRJÁLSUM HÆNUM

Óska um- sagnar

Fiskistofa hefur óskað um-
sagnar Ísafjarðarbæjar á um-
sókn Fjarðarlax ehf., um
rekstrarleyfi til fiskeldis í
Arnarfirði. Eins og greint
hefur verið frá hyggja fyrir-
tækin Þóroddur ehf., og Fjarð-
arlax ehf., á allt að 10 þús-
und tonna framleiðslu í Arn-
arfirði, Tálknafirði og á Patr-
eksfirði.

Ráðgert er að fiskeldi
hefjist í Arnarfirði í vor og
er fyrirhugað að flytja afurð-
irnar vestur um haf og þá
aðallega með skipum. Bæj-
arráð Ísafjarðarbæjar vísaði
erindinu til umhverfisnefnd-
ar til umsagnar.

Kristín vill verða forstjóri

Kristín Völundardóttir,
sýslumaður á Ísafirði, er á
meðal umsækjenda um em-
bætti forstjóra Útlendinga-
stofnunar, sem auglýst var
laust til umsóknar 15. janúar
sl. Skipað er í embættið til
fimm ára í senn frá og með
1. apríl 2010.

Meðal annarra umsækj-
enda má nefna Einar Örn
Thorlacius, fyrrum sveitar-
stjóra í Reykhólahreppi og
Jónínu Bjartmarz, fyrrum
ráðherra. Aðrir umsækj-
endur eru Gísli Rúnar Gísla-
son, Halldór Frimannsson,
Halldór Eiríkur S. Jónhild-
arson, Kristján Baldursson,
Oddur Gunnarsson, Margrét
Steinarsdóttir og Ragn-
heiður Ólöf Böðvardsdóttir.

Hæst sorphirðu- gjald á Ísafirði

Sorphirðugjald er hæst á
Ísafirði að því er fram kemur
í könnun sem verðalagseft-
irlit ASÍ hefur gert á útsvari
og álagningu fasteignagjalda
í 15 fjölmennustu sveitarfélögum landsins. Sorphirðu-
gjaldið á Ísafirði er 41.580.-
krónur, sem er 10% hækkun
frá árinu 2009. Lægsta
gjaldið er í Mosfellsbæ, eða
15.000 krónur á tunnu sem
er 177% lægra en á Ísafirði.

Sorphirðugjald hækkar
hjá öllum sveitafélögum
nema Fljótshádegjaþingi þar
sem það lækkar um 3% og
hjá Reykjavíkurborg þar
sem það stendur í stað.
Mesta hækkun sorphirðu-
gjalda milli ára er í Árborg,
en þar nemur hækkunin
54%, á Akranesi 46% og á
Akureyri um 42%.



Inn að beini

Egill Örn Rafnsson, tónlistarmaður

Egill Örn Rafnsson er trommari íslensku rokkhljómsveitarinnar Noise. Egill stofnaði hljómsveitina Sign ásamt Ragnari bróður sínum, en Egill hætti í Sign árið 2009 og var seinna var boðið að spila með Noise.

Afdrifarkasta ákvörðun lífs þíns?

Ég held ég sé ekki búinn að taka hana, eða ég sé búinn að taka hana og afleiðingarnar ekki enn komnar í ljós.

Hvar langar þig helst að búa?

Ég hef alltaf bara viljað búa í ferðatösku og flakka um.

Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?

Ég er enn að bíða eftir henni, en ég á von á erfingja á næstu vikum og býst fastlega við að sú stund eigi eftir að standa uppúr og skyggja á öll önnur möguleg svör sem ég hefði getað skrifað.

Mestu vonbrigði lífs þíns?

Að geta ekki klárað ákveðin mál sem ég hef stefnt að.

Mesta uppgötvunin í lífi þínu?

D moll.

Uppáhaldslagið?

Ég hef aldrei getað svarað þessari spurningu.

Uppáhaldskvikmyndin?

Þetta er önnur erfið spurning... Skemmtilegasta bíómyndin er vafalaust Anchorman.

Uppáhaldsbókin?

Ég hef alltof lítið lesið um ævina, og nokkur ár síðan ég hef haft þolinmæði til að klára heila bók.

Ógleymanlegasta ferðalagið?

Það eru nokkur tónleika ferðalög sem ég farið í sem standa uppúr, og mjög ósannngjarnt af mér að gera uppá milli þeirra.

Uppáhaldsborgin?

London.

Besta gjöfin?

Lífið.

Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?

Já.

Hvaða hlutar geturðu alls ekki verið án?

Tónlistarspilara

Fyrsta starflóð

Bæjarvinnan á Ísafirði sem ég var rekinn úr (takk Heiða).

Draumastarfið

Tónlistarmaður.

Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?

Rabba.

Fallegasti staðurinn á Íslandi?

Ég hef verið að vinna í ferðamanna bransanum og hef uppgötvað fullt af fallegum stöðum, en í minningunni er útsýnið úr Tangagötu 8 alltaf í miklu upphaldi.

Sköndnasta upplifun þín?

Það eru nokkrir hlutir sem ég er ennþá að bíða eftir að verði fyndnir og ef það gerist þá verða þeir drep fyndnir.

Aðaláhugamálið?

Tónlist.

Besta vefsíðan að þínu mati?

Youtube.com þar get ég fundið flest allt sem mig langar að sjá, heyra eða læra.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?

Tónlistarmaður.

Hver er þinn helsti kostur að þínu mati?

Jákvæðni og kurteisi.

En helsti löstur?

Einbeitingarleysi.

Besta farartækið?

Mótorhjól mitt er í upphaldi.

Hver er upphaldshátíðardagurinn þinn?

Rokkhátíð alþýðunnar skaut páskunum efst á listann minn.

Hvaða manneskju lítur þú mest upp til?

Foreldra minna.

Ef þú mættir helta hvað sem er, hvað myndirðu helta?

Ég er nú bara mjög ánægður með nafnið mitt. Annars kallar einn vinur minn mig alltaf besta strákinn og ég er byrjaður að venjast því ágætlega.

Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?

Kvöldin.

Í hvaða stjörnumerki ertu?

Hrútur.


Lífsmottóið þitt?

Ekki gera neitt sem þú getur frestað til morguns.

Fjórar góðar leiðir til ávöxtunar

Landsbankinn býður upp á fjóra skuldabréfasjóði sem fjárfesta nær eingöngu í ríkistryggðum skuldabréfum. Sjóðirnir henta vel til reglubundins sparnaðar og hafa á síðustu mánuðum skilað betri ávöxtun en almennir innlánsreikningar. Einfalt er að kaupa og selja í sjóðunum og njóta viðskiptavinir þess að enginn munur er á kaup- og sölugengi í áskrift.

Sjóðirnir hafa sömu fjárfestingarstefnu en mismikla vaxtaáhættu. Skuldabréf og aðrar kröfur með ábyrgð íslenska ríkisins nema 90-100% af heildareignum sjóðanna en innlán á bilinu 0-10%.



Kynntu þér kostina

Komdu við í næsta útibúi Landsbankans eða hafðu samband við Fjármálaráðgjöf Landsbankans sem veitir upplýsingar og aðstoð við fjárfestingar í innlánnum, verðbréfasjóðum og öðrum fjárfestingarleiðum í síma 410 4040.

RÍKISSKULDABRÉFASJÓÐIR | landsbankinn.is | 410 4000



Vilja fara í deiliskipulagsvinnu vegna nýs hjúkrunarheimilis

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hefur lagt að farið verði í deiliskipulagsvinnu vegna hjúkrunarheimilis á Ísafirði á svæðinu sem afmarkast af Skutulsfjarðarbraut, Hafnarstræti og Torfnesi. „Við förum á fund heilbrigðisráðherra þar sem við leitum skýringa á því hvers vegna ekki var gert ráð fyrir hjúkrunarheimili á Ísafirði í ákvörðun ráðherrans frá því í október um byggingu hjúkrunnarrýma. Hann ætlaði að skoða málin og láta okkur vita í kringum áramót en við höfum enn ekki heyrt af

ákvörðun hans. Við ákváðum engu að síður að fara í deiliskipulagsvinnu þannig að um leið og hann gefur grænt ljós getum við gripið í skófluna og hafist handa,“ segir Svanlaug Guðnadóttir, formaður umhverfisnefndar.

Bæjarstjórn hefur itrekað nauðsyn þess að bygging hjúkrunarheimilis á Ísafirði hefjist á árinu 2010. Bæjaryfirvöld hafa lengi óskað eftir byggingu hjúkrunarheimilis á Ísafirði. 1992 þegar þjónustudeild var stofnuð á Hlíf, þar sem þjónustu fyrir fólk sem



áður var á elliheimili skorti. Daggjöld sem greidd voru vegna þjónustunnar voru miðuð við dvalarrými og endurspegluðu ekki þjónustuna sem var nær því

að vera hjúkrunarheimilisþjónusta. Á árunum 1993-2008 fóru bæjaryfirvöld itrekað fram á það við heilbrigðisyfirvöld að daggjöld vegna þjónustudeildar

yrðu endurskoðuð samhliða því að byrjað var að þoka af stað heimildum til að fara af stað með byggingu hjúkrunarheimilis.

– *thelma@bb.is*

Stórt skref í átt að úrvalsdeildarsæti

KFÍ steig stórt skref í átt að úrvalsdeildarsæti eftir 77-76 sigur á Skallagrími í Borgarnesi í 1. deild karla á föstudagskvöld. KFÍ menn þurfa einungis að vinna einn af síðustu þremur leikjum sínum til þess að tryggja sér sæti í Iceland Express deildinni. Igor Tratnik átti enn einn

stórleikinn með KFÍ en hann var með 33 stig, 14 fráköst og 6 stoðsendingar í leiknum. KFÍ hefur unnið alla fimm leiki sína síðan Tratnik kom til liðsins og hann er með 21,4 stig og 13,2 fráköst að meðaltali í þeim.

KFÍ hefur nú sex stiga forskot á bæði Val og Hauka í 2. og 3.

sætinu auk þess að vera með betri innbyrðisstöðu gegn báðum liðum. Haukar og Valur eiga bæði leik inni á KFÍ og geta því bara náð átta stigum í viðbót. Þetta þýðir að KFÍ þarf bara að vinna einn af síðustu þremur leikjum sínum á móti ÍA, Þór Þorlákshöfn eða Ármanni.



ÍSAFJARÐARBÆR

SKJALASTJÓRI

Ísafjarðarbær auglýsir eftir skjalastjóra til afleysinga í rúmlega eitt ár, frá apríl 2010 til maí 2011. Um er að ræða 100% stöðu.

Frekari upplýsingar má fá hjá bæjarritara Ísafjarðarbæjar eða á www.isafjordur.is. Umsóknarfrestur er t.o.m 1. mars 2010.

Spurningin

Átt þú von á því að fara í sumarfrí erlendis á þessu ári?

Alls svöruðu 695.

Já sögðu 185 eða 27%
Nei sögðu 442 eða 64%
Óvist sögðu 68 eða 9%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Norðaustanátt með ofankomu á norður og Austurlandi en annars bjartviðri. Fremur kalt í veðri. **Horfur á laugar-dag:** Norðaustanátt með ofankomu á norður og Austurlandi en annars bjartviðri. **Horfur á sunnudag:** Norðaustanátt með ofankomu á norður og Austurlandi.

Ritstjórnargrein

Ræktarsemi

Áður en Menntaskólinn á Ísafirði kom til sögunnar lá menntabráut ísfriskra ungmenna til stúdentsprófs oftast til Akureyrar eða Reykjavíkur. Unglingarnir fóru að heiman. Annar og öllu þungbærari eftirleikur fylgdi tíðum þessari nauðung: Obbi unga fólksins skilaði sér ekki heim að námi loknu. Það flosnaði upp eins og það var orðað. Í mörgum tilfellum slitnuðu tengslin við æskustöðvarnar með öllu. Um síðir henti oft að foreldrarinn fylgdu í kjölfarið.

Fyrir hartnær ári síðan lést Hjálmar R. Bárðarson, skipaverkfræðingur og fyrrum siglingamálastjóri, en hann fæddist á Ísafirði 1918. Líkt og margir stundaði Hjálmar nám í Menntaskólanum í Reykjavík og síðan lá leiðin í Tekniske Højskole í Kaupmannahöfn þar sem hann útskrifaðist sem skipaverkfræðingur.

Í öðru orðinu má segja um Hjálmar R. Bárðarson að líkt og svo margir aðrir kom hann ekki heim til Ísafjarðar að námi loknu, en í hinu að hann hafi aldrei farið að heiman. Svo kær var Ísafjörður honum og slík var ræktarsemi hans við heimaslóðirnar; ræktarsemi sem mörgum hefur verið kunn og margir hafa notið langtímum saman, þar á meðal Bæjarins besta. Skal í þeim efnum vitnað til skrifa Hlyns Þórs Magnússonar í BB, að Hjálmar látinum: „Þrátt fyrir stórmerkilegan feril sem skipaverkfræðingur og embættismaður á því sviði verður Hjálmars heitins ekki síður minnst fyrir feril hans sem

ljósmyndari, sem meðal annars Bæjarins besta og árlegt ferðablað um Vestfirði hafa löngum notið góðs af.“ Og við skal bætt: Án nokkurs endurgjalds.

Hjálmar var stórvirkur á þessu sviði. Ljósmyndabækur hans um Ísland og náttúru þess eru tólf að tölum. Auk þess reit hann tvær bækur um íslensk fiskiskip, en hann hannaði og stóð fyrir smíði fyrsta íslenska stálskipsins. Í erfðaskrá sem Hjálmar lét eftir sig ánaðnaði hann Byggðasafni Vestfjarða eintaki af öllum þeim bókum sem eftir hann liggja auk þess sem 10% af arfi hans kom í hlut safnsins.

Bárður G. Tómasson, faðir Hjálmars, mun hafa átt drjúgan þátt í að koma Byggðasafni Vestfjarða á laggirnar. Óstaðfest hugmynd um að nýta arfinn til endurgerðar á slippnum í Neðstakaupstað, sem Bárður byggði 1919, er allar athygli verð. Með slippnum mætti ef til vill endurvekja þá tíma er eikarilmur lék um Suðurtangann og bergmál hamarshögga og hvíss skaraxa skipasmiðanna sló taktinn. Ferðafólki þætti áreiðanlega mikið til þess koma þótt í smækkaðri mynd væri.

Hjálmar R. Bárðarson var undantekning frá reglunni. Þótt náttstaður hans væri utan bæjarmarkanna áttu æskustöðvarnar hug hans og hjarta alla tíð. Þess er gott að minnst í hverfulum heimi.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is, Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, kristjan@bb.is. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkullífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**



2 fyrir 1 á matseðli
veitingastaðarins Við Pollinn á



Konudaginn 
21. febrúar 2010

fylgir öllum keyptum
blómvöndum í Blómaturnum 



Blómaturinn
Austurvegi 2, 400 Ísafirði • Sími 456 5297

Við
 *Pollinn*
Restaurant - bar

Borðapantanir í síma 456 3360 • www.vidpollinn.is



Um 140 manns á þorra- blóti Grunnvíkinga

Um 140 manns sóttu þorra-
blót Grunnvíkinga sem haldið
var í félagsheimilinu í Hnífs-
dal á laugardag. Þema kvölds-
ins var tímaflakk og voru t.d.
sýndar myndir frá Flæðareyr-

ishátíð árið 1992. „Það vakti
mikla lukku að sjá þessar
gömlu myndir. En við fórum
líka fram tímann og þetta var
mjög skemmtilegt.“ segir Elín
Ólafsdóttir í skemmtinefnd

blótsins. Að dagskrá tæmdri
léku hjónin í Hjónabandinu
fyrir dansi.
Meðfylgjandi myndir frá
þorra-blótinu tók Benedikt
Hermannsson.



Samkaup **úrval** góðir grannar

Sparnaðartilboð helgarinnar 18. - 21. febrúar



**Grísasnitset
og krebnettur
á 30% afslætti!**

Grísasnitset í raspi, frystur,
tilboðsverð 1.259 kr. / kg
Krebnettur í raspi, frystur,
tilboðsverð 909 kr. / kg
frá **Kjötseli**

34%
afsláttur



~~149~~
98 kr. / stk. **Nautahamborgarar**
90g, úr kjötbörði / pakkaðir ferskir

31%
afsláttur



~~1.298~~
896 kr. / kg **Nautahakk**
úr kjötbörði / pakkað ferskt

30%
afsláttur



~~1.998~~
1.399 kr. / kg **Grísakótilettur**
hunangskryddaðar, frá **Goða**

30%
afsláttur



~~495~~
347 kr. / kg **Kjötfars**
úr kjötbörði / pakkað ferskt



**Galaeppli
á 50% afslætti!**

Sjá uppskriftir
af ferskum eplasalötum
á samkaupurval.is

~~329~~
165 kr. / pk.
1,5 kg

41%
afsláttur



~~1.349~~
796 kr. / pk. **Kalkúnaborgarar**
10 stk., 800g, frystir

**Góð
kaup!**



389 kr. / pk. **Kakó**
250g, frá **Coop**

**Góð
kaup!**



389 kr. / pk. **Grænmeti**, 750g
hollensk blanda, fryst, frá **Coop**

740 Birt með fyrirvara um prentvillur.

...sjá fleiri sparnaðartilboð á samkaupurval.is



Einar Ólafsson við hönnun sína, stólinn Dropa. Ljós: Hús & hífli.

Allt snýst þetta um langtímamarkmið

– rætt við Einar Ólafsson frá Ísafirði, arkitekt og fyrrum afreksmann í skíðagöngu

Einar Ólafsson arkitekt frá Ísafirði var á sínum tíma einn af fremstu skíðamönnum sem íslenska þjóðin hefur átt og keppti meðal annars á tvennum Vetrarólympíuleikum. Hann var á ungum aldri bráðefnilegur í fleiri íþróttgreinum en ákvað að einbeita sér að skíðunum. Jafnframt ákvað hann að helga skíðagönguinni bestu ár íþróttamannsins og biða með háskólanám þangað til þeim þætti í lífinu lyki. Líkt og hjá mörgum öðrum íþróttamönnum í fremstu röð eru einbeiti og stefnufesta og markmið til langs tíma meðal þess sem helst einkennir hann.

Þegar keppnisferlinum á skíðunum lauk skömmu fyrir þrítugt

lagði Einar stund á arkitektúr vestanhafs og tók það nám í þremur áföngum og hlaut hinn besta vitnisburð fyrir námsárangur. Eftir samtals fimm og hálfis árs nám við tvo háskóla í Bandaríkjunum lauk hann meistaraprófi í sinni grein. Núna er hann kominn hátt á fimmtugsaldur og rekur í Reykjavík eigin teiknistofu undir nafninu Arkiteó. Tveir síðustu stafirnir í nafni stofunnar eru fangamarkið hans.

Einar er borinn og barnfæddur Ísfirðingur, uppallinn á Hlíðarveginum á Ísafirði.

„Þegar ég er spurður hvaðan ég sé, þá svara ég líkt og gert er í Bandaríkjunum, þar sem menn segjast ekki vera frá Bandaríkjun-

um heldur frá Texas eða Kaliforníu. Ég segist alltaf vera frá Ísafirði. Ólafur Halldórsson faðir minn var lengst af skipstjóri og rak síðan hvalveiðstöð á Brjáns-læk á Barðaströnd um tíma í samstarfi við Konráð Eggertsson og fleiri. Sesselja Ásgeirsdóttir móðir mín er úr Hnífsdal og þess vegna hef ég alltaf vissar taugar til Hnífsdals. Eiginlega er ég líka hálfur Hnífsdælingur og mér þykir vænt um það.

Við vorum átta systkinin og oft mikið fjör og læti. Æska mín var ansi líflæg og það liggur við að mér finnist hún vera efni í heila bók.

Eitt okkar systkinanna er fallið frá. Það var Guðjón, sem dó á

unga aldri frá fjórum börnum.“

Áhrifamikil eiginkona!

„Ég ólst upp á Ísafirði alveg þangað til ég fór að hugsa mér til hreyfings rúmlega tvítugur vegna skíðamennskunnar en þá fór ég til Svíþjóðar. Þá fer ég í rauninni fyrst að heiman. Eftir það var ég talsvert á faraldsfæti en núna síðasta áratuginn eða rúmlega það hef ég verið í Reykjavík. Ég var fjögur ár í Svíþjóð og síðar var ég allmörg ár í háskólanámi í Bandaríkjunum.

Eftir að ég kom heim frá Svíþjóð var ég tvö ár á Ísafirði og síðan eitt ár á Akureyri. Þar líkaði mér mjög illa. Það var erfitt og

leiðinlegt ár og þar stóð ég í skilnaði. Frá Akureyri fór ég til Reykjavíkur.“

Síðustu fimm árin eða svo hefur Einar verið kvæntur Guðrunu Helgu Jónasdóttur, sem er innkaupastjóri hjá Ríkisútvarpinu, en sambúð þeirra hefur staðið miklu lengur.

„Hún er sennilega ein af áhrifamestu konum landsins því að hún ákveður hvað við erum að horfa á hverju sinni í Sjónvarpinu“, segir Einar og hlær.

Saman eiga þau tvær dætur, níu og sjö ára gamlar. Áður var hann í sambúð með stúlku frá Akureyri og á með henni tvö börn, níttján og sextán ára.“

Efnilegur í fótbolta og júdó

– Hvað byrjaðirðu snemma að vera á skíðum?

„Eins og flestir Ísfirðingar má segja að maður hafi alist upp á skíðum. Í byrjun voru þetta aðallega svigskíðin. Ég fór bara upp í hlíðina fyrir ofan þar sem við áttum heima á Hlíðarveginum. Þar var maður eiginlega með skíðin á fótunum alla daga yfir veturinn.

Samt kom í ljós að svigskíðin hentuðu mér ekki þó að íþróttin sjálf heillaði mig. Ég fann mig einhvern veginn ekki í höpnum. Svo voru það bræðurnir Davíð og Guðjón Höskuldssynir sem plötudu mig á gönguskíði og fyrst byrjaði ég að fara með Halldóri bróður mínum sem var að æfa gönguskíði. Úr því varð ekki aftur snúið.

Ég var dálítill einfari og hallaðist meira að einstaklingsíþróttunum. Á sínum tíma var ég lengi í fótbolta og stóð mig ágætlega og komst meira að segja í unglíngalandsliðið. En þegar ég var að komast upp í meistaraflokk fannst mér alvaran vera orðin svo mikil þegar menn voru að slást á æfingum, að ég hugsaði með mér að þetta væri ekki eitt-hvað sem ég vildi stunda.

Á svipuðum tíma var ég líka í júdó og það var einstaklingsíþrótt sem passaði vel við mig. Þar náði ég Íslandsmeistaratitli.

Á þessum tímamarki þurfti ég að velja á milli þessara þriggja íþróttagreina, því að þá var ég líka byrjaður á gönguskíðunum og var farið að standa mig ágætlega. Ég vildi verða góður eða bestur í einhverju en ekki meðal-maður í mörgu, þannig að ég ákvað að taka gönguskíðin alvarlega og hellti mér út í það.

„Kannski ætti ég að segja hér



Nýjar höfuðstöðvar Landsbanka Íslands. Tillagan var unnin í samstarfi við Einrúm arkitekta, BIG í Danmörku, Andra Snæ Magnússon og VSÓ. „Á lóðinni var gamla höfnin sem skapaði Reykjavík á sínum tíma. Nýja húsið gegnir lykilhlutverki í að glæða Lækjartorg lífi, færa miðbænum nýjan kraft sem er ekki aðeins byggður á sögu og fornri frægð, heldur á krafti núlifandi kynslóðar. Segja má að ekki hafi jafn mikill svipur verið settur á þetta svæði frá upphafi 20. aldar,“ segir í kynningu. Þrívíddarmynd: Luxion í Frakklandi.

litla sögu um það af hverju ég ákvað að verða bestur í skíðagöngu. Ég hafði tekið þátt í einni skíðagöngukeppni heima á Ísafirði sama veturinn og ég byrjaði að æfa. Ég lenti í þriðja sæti og var alsæll með það.

Þegar ég kem heim eftir að hafa gengið á skíðunum innan úr firði og stend hnarreistur í dyragættinni heima, þá situr stórfjöl-skyldan við kvöldmatarborðið.

Móðir mín spyr mig þá hvernig mér hafi gengið. Ég sagðist hafa lent í þriðja sæti og brosti út að eyrum, ánægður og stoltur. Pabbi snýr sér þá við hálfglottandi og spyr: Hva, voru bara þír keppendur? Þá fauk í mig og ég hugsaði með sjálfum mér að ég skyldi sko sýna honum og öllum öðrum að ég myndi verða bestur. Síðan lagðist ég í þá langferð sem skil-aði mér mörgum góðum árangri

og tvisvar á Ólympíuleikana.

En pabbi vissi alveg hvað hann var að gera þegar hann ögraði mér svona. Hann var sjálfur mjög metnaðarfullur í því sem hann var að gera hverju sinni. Þetta var svona ekta vestfirskur humor sem hann kastaði þarna fram, en ég unglíngurinn skildi ekki hvað hann var að gera fyrr en mörgum árum seinna. Þannig má í raun segja að árangur minn á skíðun-

um sé honum að þakka.“

Yfir þrjátíu Íslands- meistaratitlar

– Og þú varðst bestur hérlandis í þeirri grein.

„Það má eiginlega segja það, í einhver ári að minnsta kosti. Ég byrjaði held ég á fullu í skíðagöngunni árið 1980 og hætti svo eftir Vetrarólympíuleikana 1988. Þá hafði ég unnið eithvað rúmlega þrjátíu Íslandsmeistaratitla.

Ég man vel eftir fyrsta bikarmótinu mínu sem var á Ólafsfirði. Þá minnst mig að ég hafi verið átta mínútum á eftir fyrsta manni, sem var Gottlieb Konráðsson. Hann varð seinna góður vinur minn. Nokkrum árum síðar á Íslandsmeistaramóti á Siglufirði varð ég fimm mínútum á undan honum í 15 km göngu.

Ég tók þetta mjög skipulega og hellti mér út í það og hætti að vinna á tímabili og gat það með styrk góðra manna og fyrirtækja á Ísafirði. Það er rótin að því að ég stofnaði í fyrsta ásamt fleirum Framför – Styrktarsjóð skíðamanna. Ein af ástæðunum fyrir að ég fór út í það að stofna hann var að greiða til baka að hluta til þá aðstoð sem ég fékk við skíðaiðkun mína.“

Ákvað ungur að verða arkitekt



Grunnskólinn á Ísafirði. „Ísafjörður hefur í gegnum tíðina verið einna þekktastur fyrir eldri hús bæjarins og sterkri hefð við að viðhalda þeim í upprunalegri mynd. Eitt þeirra húsa er gamli Barnaskólinn sem stendur við Aðalstræti, byggður 1801. Ein af meginforsendum var hvernig brugðist yrði við því að viðhalda þeim hluta gamla barnskólans sem var friðaður og tengja saman skólann í einni samfelldri heild. Tillagan vann 1. verðlaun í samkeppni. Meðhöfundur var Örn Þór Halldórsson, arkitekt. Ljósmynd: Einar Ólafsson.

„Skiðin hafa alltaf verið stór hluti af mínu lífi. Eftir að ég hætti skíðaiðkun hefur þessi reynsla hjálpað mér mjög mikið bæði í námi og starfi. Ég stundaði þetta mjög skipulega og var heppinn með góða þjálfara og allt í kringum það allan tímann. Mér finnst að þetta hafi lagt grunninn að framtíðinni.“

Ég held að ég hafi verið sextán ára gamall þegar ég ákvað að verða arkitekt. En þegar ég var orðinn efnilegur í skíðagöngunni ákvað ég að leggja fyrst stund á hana og bíða með námið, enda getur maður ekki stundað afreks-íþróttir nema fram að ákveðnum aldri. Og ég sé aldeilis ekki eftir því, vegna þess að það sem ég gerði á skíðunum hefur nýst mér síðan.“

Langtímamarkmið

„Allt sem varðar undirbúning og skipulagningu snýst um langtímamarkmið. Þú byrjar að byggja eitthvað upp og síðan sérðu árangurinn smátt og smátt. Þú ert alltaf að vinna einhverja litla sigra og stefnir að stórum sigrum. Þetta er eins og í lífinu sjálfu. Þú ert alltaf að vinna einhverja litla sigra á hverjum degi. Mér finnst ég alltaf hafa haft skýra mynd af því hvert ég er að stefna. Allt er þetta langhlaup og maður má ekki missa sjónar af markmiðunum.“

Þegar ég byrjaði loksins í háskólanámi að verða þrítugur fannst mér ég hafa mun skýrari markmið en sammendur mínir, sem voru flestir mun yngri. Ég tók þetta bara eins og

hverja aðra vinnu og stóð mig reyndar mjög vel í náminu, mun betur en ég hafði til dæmis gert í framhaldsskóla. Þegar ég var í framhaldsskóla var ég í íþróttunum og tók þær fram yfir námið. Ég var ekki með neinar sérstakar einkunnir á stúdentsprófi.“

Til Bandaríkjanna

„Þegar ég síðan leitaði eftir háskólavist í Bandaríkjunum var mér tekið opnum örnum. Þar var ekki bara horft á einkunnirnar heldur sáu menn að ég hafði keppt á tvennum Ólympiuleikum og gert eitthvað fleira á sviði íþróttanna. Þar var lítið svo á að þessi maður hefði afrekað eitthvað annað en að vera með góðar einkunnir í framhaldsskóla og þess vegna væri rétt að gefa honum séns.“

Þarna komst ég inn í háskólann í Phoenix í Arizona og skilaði þar mjög góðum námsárangri, fékk bæði styrki og viðurkenningar og útskrifaðist cum laude (með láði). Þar sannaði það sig að þessi maður gat staðið sig vel ef svo bar undir.“

„Kafbáturinn“ og hvalurinn

„Eftir tvö ár í Phoenix fór ég heim og keypti mér hraðfiskibát og stundaði sjóinn í eitt og hálf ár. Það var mikill lærdómstími. Þeir kölluðu bátinn minn Kafbátinn. Ég sótti sjóinn afar stíft



Einbýlishús í sveit. „Hestur hvarf ofan í hraun, fannst aldrei, álfar og tröll – allt eru þetta fyrirbæri í okkar umhverfi og sérstaklega í umhverfi þessa sérstaka einbýlishúss í miðri sveitinni þar sem náttúran er eins nálægt þér og eins fjarlæg þér og hugsast getur,“ segir í kynningu. Þrívíddarmynd: Fractal Iceland.

og hlustaði aldrei á veðurfréttir heldur fór alltaf út. Báturinn var lágur og sást ekki nema þegar hann fór upp á öldutoppa þegar eitthvað var að sjó.

Það var margt skemmtilegt sem gerðist á þessu einu og hálfu ári. Eitt sinn var bræla úti þannig að það héngu nokkrir bátar fyrir utan Skálavíkina í smá veltingi. Það var lítið að gerast en þó komu einhverjir þorskar upp af og til.

Allt í einu stendur ein rúllan á sér. Ég hugsa strax að þetta hlyti að vera stórlúða. Ég hygg

gott til glóðarinnar og tek hinar rúllurnar upp þannig að þær flækist ekki í miðrúllunni sem var byrjuð að þokast hægt og rólega upp.

Líður nú og bíður, eftir um 15-20 mínútur virðist eins og „lúðan“ sé að komast upp á yfirborðið. Girmið var orðið strekkt eins og stálvir og báturinn farinn að hallast allskuggalega á aðra hliðina. Svo gerist það, upp úr hafinu um tvo metra frá bátunum kemur hvalur! Þá hafði hann verið að éta þorskana á færinu hjá mér og krókarnir fest í hann þannig að hann gat ekki losað sig.

Nú voru góð ráð dýr. Þetta var á tímum hvalveiðibannsins, en ef ég hefði verið með réttan riffil hefði ég ekki hikað við að skjóta hann og koma honum í land. Ég hefði náttúrulega hringt í Konna Eggerts og beðið um aðstoð við það. En riffilinn vantaði þannig að um það leyti sem hvalurinn var að hverfa í djúpið með mig og bátinn með sér náði ég að skera á girmið. Það var ansi gaman að hafa upplifað þetta og margt fleira á þessum stutta sjómanns-tíma.

Svo seldi ég bara bátinn þegar ég fór aftur vestur um haf til að klára seinni tvö árin í náminu í Arizona.

Fulbright-styrkur

Að þeirri dvöl lokinni kem ég aftur heim á Ísafjörð. Fyrrverandi konan mín hafði fengið starf við Menntaskólann á Ísafirði en ég fór að þjálfa skíðafólk og vinna á Teiknistofu Elisabetar Gunnarsdóttur. Á þeim tíma var lítið um verkefni og við fluttum til Akureyrar þar sem ég var í eitt ár. Eftir það fór ég til Reykjavíkur og var að vinna á ýmsum stofum

í sjö ár. Þá fékk ég háan styrk frá Fulbright-stofnuninni til að fara í frekara háskólanám á Miami í Flórída. Ég hafði áður sótt um Fulbright-styrk en ekki fengið en svo hringdu þeir í mig og báðu mig að sækja um aftur. Þá náði ég að klára mastersnámið á einu og hálfu ári.“

Grunnskólinn á Ísafirði

„Eftir að ég kem heim aftur vinn ég á tveimur stofum. Árið 2002 tek ég þátt í samkeppni um Grunnskólann á Ísafirði ásamt Erni Þór Halldórssyni arkitekt og við náðum að vinna þá samkeppni, þó að ekki væri haldið áfram með það verkefni strax.

Aðstæður voru síðan þannig að við Örn Þór gátum ekki unnið saman að þessu verki og endirinn varð sá að við köstuðum upp á það hvor okkar skyldi gera það og sá skyldi kaupa hinn út. Hans hlutur kom upp og hann var á leiðinni að halda áfram að teikna skólann, en hringdi svo í mig nokkrum mánuðum seinna og bauð mér að kaupa sig út aftur. Þannig fékk ég skólann í mínar hendur á ný og kláraði hann og við hérna á stofunni.“

Arkiteó

„Þetta var árið 2004 og þá stofna ég stofuna mína Arkiteó. Hana hef ég starfrækt síðan, ýmist einn eða með fleira eða færri starfsfólki. Í góðærinu 2006-2007 vorum við flest átta starfandi á stofunni.“

Meðal þeirra sem Einar hefur unnið með að nokkrum verkefnum er hugmyndasmiðurinn og hugsuðurinn Andri Snær Magnason.

„Oft fæst besta lausnin þegar

1 KR

1 króna fyrir barnið

aðra leiðina + 990 kr. 12.-28. febrúar 2010
(flugvallarskattur)

Þetta einstaka tilboðsfargjald

- gildir til allra áfangastaða Flugfélags Íslands innanlands
- er fyrir börn, 2-11 ára, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
- býðst eingöngu þegar bókað er á netinu, www.flugfelag.is
- ferðatímabil 12.-28. febrúar 2010

www.flugfelag.is | 570 3030

margir koma að verki“, segir Ein- ar. „Þar kemur Andri Snær mjög sterkur inn því að hann er mjög hugmyndafríur og kemur með aðrar víddir inn í hönnunina.“

Stóllinn Dropi og fleiri húsgögn

– Þú hefur teiknað fleira en byggingar. Þú hannaðir líka stól- inn Dropa. Húsgagnahönnun er allt annað fag en arkitektúr.

„Já, það er alveg sérfrág. Hönnun húsgagna er bara eitt af því sem hefur höfðað til mín.

Sagan í kringum þennan stól er dálítið skemmtileg. Þá var ég tiltölulega nýbúinn að kynna núverandi konu minni og vildi gefa henni eitthvað fallett frá sjálfum mér. Ég ákvað að hanna þennan stól handa henni en hún vissi ekkert hvað ég var að gera fyrr en ég gaf henni hann á þrítugsafmæli hennar.

Svo gerist ekkert meira með stólinn í mörg ár. Ég var mjög mikið að vinna annað á þessum tíma og koma mér upp úr skuldum. Stóllinn var bara hjá okkur heima. Svo fer ég í skólann í Miami og sýni myndir af honum í verzlunum þar og allir vildu taka hann og selja fyrir mig, en ég var ekki tilbúinn með vöruna.

Síðan gerist það í fyrra þegar hrúnið er dunið yfir, að ég hugsa með mér að þetta sé nú gripur sem ég gæti gert eitthvað meira með og ákveð að setja hann í söluférlí. Það tók mig ár að undirbúa þetta þannig að hann gæti farið í sölu. Það tók mig tíma að laga ákveðin smáatriði. Hann er kominn í sölu í Epal í Reykjavík og núna í þessum mánuði er ég að fara með hann á húsgagnasýningu í Stokkhólmi, þannig að ég er að komast með hann í heilbrigða útrás! Skemillinn sem fylgir stólnum heitir Dögg.“

– Hefurðu hannað fleiri húsgögn?

„Ég hannaði nú annan stól í skólanum fyrir vestan, sem ég ætla ekkert að gera með í bili. Ég ætla að láta þennan ganga fyrir. Svo er ég reyndar nýbúinn að hanna sófa sem ég var að setja upp um daginn. Hann er mjög sérstakur og konseptið í kringum hann. Þetta er sófi sem er hannaður sérstaklega fyrir hinar nýju höfuðstöðvar Tryggingamiðstöðvarinnar.“

Framför – Styrktarsjóður skíðamanna

– Aðeins meira um Framför – Styrktarsjóð skíðamanna.

„Eins og ég nefndi ákvað ég að gera eitthvað til að borga til baka þá aðstoð sem ég fékk á árunum þegar ég var á fullu í skíðagöngunni. Með aðstoð góðs fólks náðist að stofna þennan sjóð vorið 2008. Við höfum veitt fram- lög á hverju ári síðan en það

Varaðir við að senda peninga til Íslands

Framleiðslufyrirtækið Murr ehf., í Súðavík vinnur nú að því að koma framleiðslu sinni á markað í Taívan. „Hunda- og kattamaturlinur fellur vel í kramið á þeim sem prufað hafa í Taívan, en þar er verið að leita eftir 100% heilnæmum mat, sem ekki er búinn til úr fuglakjöti eða nautakjöti þar sem hættu getur verið á kúariðu. Þeir eru því mjög spennfir fyrir hágæða matnum sem við hjá Murr framleiðum.“ segir Þorleifur Ágústsson, einn eigandi Murrs í Súðavík. Eftir að hugsanlegir viðskiptavinir í Taívan höfðu fengið prufur vildu þeir senda forsvarsmönnum Murrs greiðslur vegna kostnaðar en þegar þeir fóru í banka í Taívan mætti þeim undarlegt viðmót að sögn Þorleifs. Bankastarfsmaður varaði þá við því að senda peninga til Íslands því að bankarnir væru á hausnum og ekki vist að viðskiptavinurinn fengi að taka peningana út.

„Mér finnst þetta stóru- arleg aðvörðun en svona hafa Bretarnir eyðilagt fyrir okkur Íslendingum og fólk hérna



Þorleifur Ágústsson við störf í Murr ehf.

veit ekki betur. Ég veit ekki hverju þetta tengist, kannski lánshefni bankana? Og þá fá kannski bankar aðvörðun um að skipta við þá banka sem eru með lágt mat,“ segir í tölvupósti

frá tengilið Murrs í Taívan sem hann sendi til Súðavíkur til að greina frá gangi mála. Tengiliður segir jafnframt að það hafi komið honum á óvart að banka- starfsmaður skuli aðvara við-

skiptavin til að senda pening í löglega starfandi banka og viðskiptavinur meira að segja kominn með vöruna í hendurnar.

– thelma@bb.is

Fasteignagjöld hækka um 12,2%

Fasteignagjöld í fjölbýli á Ísafirði lækka um 6,1% milli ára en í sérþýli hækka þau um 12,2%. Fasteignaskatturinn helst þó óbreyttur milli ára. Þetta kemur fram í yfirliti Alþýðusambands Íslands birtir í yfir breytingar á fasteignaskatti eftir sveitarfélögum og hverfum. Á síðasta ári fór fram gagnert endurmat

fasteigna á öllu landinu sem hafði miklar breytingar í för með sér. Endurmatið byggist á markaðsverði eigna, tegund og staðsetningu. Reykjavík sem var áður eitt svæði skiptist nú niður í mörg hverfi þar sem fasteignamat breytist mis mikið á milli ára. Mest hækkar fasteignaskattur á Eyrarbakka eða um rúm 157% í fjölbýli á og 66% í

sérþýli. Tölurnar sem notaðar eru við útreikninga eru fengnar hjá Fasteignaskrá Íslands.

Á vef ASÍ segir að Fasteignagjöld eru einn mikilvægasti tekjustofn sveitafélaga og skiptast þau í fasteignaskatt sem ætlað er að standa undir rekstri sveitarfélaga og önnur fasteignagjöld (holræsagjald, vatnsgjald, sorphirðugjöld og lóða-

leigu) sem eru þjónustugjöld fyrir tiltekna þjónustu við fasteignaeigendur. Við álagningu þessara gjalda er fasteignamat húsa og lóða að jafnaði notað sem álagningastofn. Álagningarstofninn er fenginn árlega frá Fasteignaskrá Íslands og byggir álagning næsta árs á eftir á þeim stofni.

– thelma@bb.is

hefur kannski ekki farið mikið fyrir því vegna þess að Arkiteó hefur lagt út fyrir þeim framlögum á meðan við erum að safna í sjóðinn áður en við förum að veita úr honum formlega styrki.

Stefnan er síðan að veita árlega styrki úr sjóðnum. Þetta er sennilega lengsta ferð sem ég hef lagt upp í. Vonandi heldur þessi sjóður sínu striki eftir að ég er fallinn frá. Þetta er langtímamarkmið. Þó að við byrjum á skíðunum er langtímamarkmiðið að eftir einhverja áratugi geti öll íþróttafélög

á Ísafirði sótt fjármuni í þennan sjóð og þurfi ekki að standa í þessum orkufreku fjáröflunum sem þau þurfa að fást við í dag.

Bæði einstaklingar og fyrirtæki á Ísafirði hafa tekið þessu vel. Eins og ástandið er núna kemur reyndar ekki eins mikið inn í sjóðinn og við hefðum viljað, en við erum alveg sallaróleg. Við höfum fengið það góðar viðtökur að við sjáum fram á að ná nógu miklum peningum inn til að geta gert góða hluti.“

– Þú hlýtur að bregða þér á

skíði enn í dag þó að þú sért hættur að keppa.

„Já, ég reyni nú að komast á skíði eins oft og ég get. Það er reyndar ekki svo auðvelt hérna í Reykjavík. Ég geri það eins oft og tími og aðstæður leyfa og fer þá með fjölskylduna á svigskíði eða þá að ég fer á gönguskíði.“

– Hvað gerirðu helst fleira í tómstundum?
„Eins og hjá hinum venjulega Íslendingi fer tíminn mest í vinnu og að sinna fjölskyldunni. Við fjölskyldan gerum annars mikið

saman og ferðast mikið og víða. Tvisvar höfum við farið til Indlands og svo förum við til Afríku síðasta vor. Við höfum gjarnan viljað leita á óhefðbundnar slóðir.“

Og kannski er þetta dæmigert fyrir Einar Ólafsson, einn af merkustu og dugmestu sonum Ísafjarðar. Hann hefur ekki alltaf farið hefðbundnar slóðir og yfirleitt horft lengra fram á veginn en gengur og gerist.

– Hlynur Þór Magnússon.

Féll ofan af húspaki

Karlarður um fimmtugt féll ofan af þaki íbúðarhúss síns á Ísafirði rétt fyrir kl. 15 á föstudag. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Ísafirði var fallið um fjórir metrar.

Maðurinn mun hafa slasast töluvert. Hann var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði og síðan með sjúkraflugi til Reykjavíkur.

Mannabreytingar hjá Framsókn

Miklar breytingar verða á framboðslista framsóknarmanna í Ísafjarðarbæ í sveitarstjórnarkosningunum í vor. „Það verða töluverðar breytingar frá síðustu kosningum.

Margir hafa t.d. flutt úr bænum og ég býst við að helmingur listans verði nýr,“ segir Sigurður Hreinnsson formaður Framsóknarfélags Ísafjarðarbæjar.

– thelma@bb.is

smáar

Til sölu er Suzuki Jimny árg. 2003, ekinn 67.500 km. Verð kr. 550 þús. stgr. Upplýsingar í síma 894 4359.



„Þörf á samhentun átaki til að sporna gegn atvinnuleysi“

Forsvarsmenn Verkalýðsfélags Vestfirðinga hafa lýst yfir miklum áhyggjum af fjölgun atvinnulausra á skrá Vinnuálastofnunar. Segja þeir að von megi eiga á því að atvinnuleysistölur aukist enn ef forstöðumenn sveitarfélaga og ríkisstofnana ætla að beita niðurskurðarhnifinum í þeim tilgangi að fækka störfum enn frekar í fjórðungnum. „Þessar ráðstafanir eru mjög skammgóður vermir og ekki til þess fallnar að auka hagræðingu og sparnað þegar heildar myndin er skoðuð. Þetta eru mjög gjarnan störf ófaglærðs verkafólks sem ekki eru á

neinum ofurlaunum og mun sparnaðurinn af hverju starfi sem er skorið af því verða óverulegur,“ segir á vef Verk-Vest. Þar er bent á að mikil samfélagsleg ábyrgð hvílir í þeirri ákvörðun að skera niður störf í fjórðungnum.

„Ekki eingöngu verður samsetning starfa fábreyttari heldur mun það einnig leiða til enn frekari fólksfækkunar eins og dæmi undanfarinna ára sýndi okkur með mjög áþreifanlegum hætti. Einnig mun það valda röskun í daglegum störfum í smærri byggðarkjörnum fjórðungsins,

sem eiga þegar undir högg að sækja vegna samdráttar í aflahéimildum.“

Frá áramótum hefur fjölgað mjög á atvinnuleysisskrá hjá Vinnuálastofnun á Vestfirðum, eða úr 133 einstaklingum í lok desember 2009 í 161 einstakling í dag. „Á sama tíma fyrir rúmu ári voru 83 einstaklingar á atvinnuleysisskrá hér á Vestfirðum og þótti mönnum nóg um þá. Nýjustu tölur segja okkur að atvinnuleysi í fjórðungnum hafi aukist um nærfellt 100% á þessu tímabili. Þrátt fyrir það berja menn sér á brjóst og tala um að

hlutfall atvinnulausra sé langminnst á Vestfirðum, við þurfum ekki að hafa svo mikla áhyggjur,“ segir á verkvest.is.

Verk-Vest segir að þörf sé á samhentun átaki til að verja öll þau störf sem við mögulega getum haldið í.

„Þar verðum við Vestfirðingar að standa saman ef árangur á að nást. Eiginhagsmunagæsla verður að vikja fyrir hag heildarinnar ef við ætlum áfram að sjá blómlega byggðakjarna á strandlengju Vestfjarða. Það eitt að í Ísafjarðarbæ skulu 77 einstaklingar af þessum 161 einstaklingi vera atvinnulausir hlýtur að vera okkur öllum mikið áhyggjuefni.“

– thelma@bb.is

Að loknu prófkjöri

Stakkur skrifar

Prófkjóri Sjálfstæðisflokksins Ísafjarðarbæ á laugardaginn lauk með glæsilegum sigri Eiríks Finns Greipssonar. Sjálfstæðisflokkurinn má vel við una, bæði hvað varðar þátttöku og hve margir skráðu sig í flokkinn til þess að geta kosið. Fyrir prófkjör leit út fyrir tvísýna og harða baráttu enda hæfileikafólk í framboði til efstu sæta. Nýliðar gátu vel við sinn hlut unað og reyndar einnig eini sitjandi bæjarfulltrúinn sem komst á lista, Gísli Halldór Halldórsson. Guðfinna Hreiðarsdóttir sem ætlaði sér stóran hlut náði honum í raun. Hún er þekkt fyrir störf sín tengd sagnfræði og Sögufélagi Ísfirðinga auk margs annars. Þótt ekki þyki alla jafna við hæfi að nefna tengsl við maka duldist engum að hún er eiginkona bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar. Það kann hafa verið bæði kostur og ef til vill trafali í fyrstu pólitísku baráttu hennar, sem fór á þann veg að hún má vel við una.

Oft er það svo að stuðningsmenn frambjóðenda eru kaþólskari en páfinn eins og stundum er sagt og leggja mikið á sig fyrir sinn mann, karl eða konu, og vilja veg hans sem mestan. Því má alltaf búast við einhverjum ýfingum að loknu prófkjöri, en þá mega þeir sem um halda ekki gleyma því að næsta baráttu er hafin, sú að tryggja framboði flokks síns eða lista sé hann ekki flokkslisti góðan árangur í kosningum til sveitarstjórnar.

Það verður fróðlegt að fylgjast með því hvernig lista Sjálfstæðisflokksins mun ganga í Ísafjarðarbæ í vor. Reyndar gildir það sama

í sveitarstjórnarkosningum um allt land. Úrslit í alþingiskosningum 2009 voru einhver þau allra lókustu sem sagan segir frá Sjálfstæðisflokki. Niðurstöðu sveitarstjórnarkosninga verður beðið með nokkurri eftirvæntingu. Hún kann að gefa til kynna hver staða Sjálfstæðisflokks verður ekki bara á Ísafirði heldur líka á landsvísi. Ekki verða nema tvö flokkaframboð á Ísafirði og hið þriðja verður í listinn sem stendur saman af Samfylkingu, Frjálslyndum og Vinstri grænum. Framsóknarflokkurinn mun bjóða fram en hann hefur verið í samstarfi við Sjálfstæðisflokk um meirihluta í bæjarstjórn. Þannig eru flokkslíkur ekki eins skýrar og víða annars staðar og ekki sambærilegar við kosningar til Alþingis. Uppstillinga annarra lista er beðið með eftirvæntingu.

Kjarni málsins er að sjálfsögðu sá að þeir sem veljist bæjarstjórn geti staðið saman að framfaramálum fyrir Ísafjarðarbæ og unnið með hagsmunum heildarinnar að leiðarljósi. Alltaf eru mismunandi skoðanir innan flokka og á milli, en þegar fólk hefur gefið kost á sér er næsta skref að vinna hagsmunum sveitarfélagsins og leggja til hliðar persónuleg metnaðarmál sín stangist þau á við fyrri sjónarmiðið.

Af 992 manns á kjörskrá greiddu 820 atkvæði. Kjörsókn var 82,6% og telst mjög góð. Gild atkvæði voru 791 og ógild voru 29. Eiríkur Finnur hlaut 479 í fyrsta sæti eða 61% og 89% í heildina. Er honum og Sjálfstæðisflokki færðar hamingjuóskir og þess vænst að honum farnist vel í leiðtogahlutverkinu.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

– thelma@bb.is

Tíu gefa kost á sér í prófkjöri

Fimm konur og fimm karlar gefa kost á sér í prófkjöri Í-listans í Ísafjarðarbæ sem fram fer laugardaginn 27. febrúar. Frambjóðendurnir eru Dagur Rafnsson, Jóna Benediksdóttir, Arna Lára Jónsdóttir, Kristján Andri Guðjónsson, Lína Björg Tryggvadóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir, Valdís Bára Kristjánsdóttir, Sigurður Pétursson, Benedikt Bjarnason og Júlíus Arnarsson.

Flokkarnir sem hafa átt samstarf undir merki Í-listans í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar á yfirstandandi kjörtímabili, Samfylkingin, Vinstrireyfingin - grænt framboð, frjálslyndir og óháðir hafa ákveðið að halda því samstarfi áfram og býður Í-listinn því fram til sveitarstjórnarkosninganna í vor.

Tuttugu og sjö milljónir til Vestfjarða

Tuttugu og sjö milljónir króna komu í hlut Vestfjarða af 215 milljóna króna árlegu framlagi til vaxtarsamninga iðnaðarráðuneytisins og atvinnuþróunarfélaga árin 2010 til 2013. Framlaginu var skipt niður á átta samningssvæði út frá fólksfjölda, þéttleika byggðar, atvinnuleysi, íbúapróun og hagvexti á hverju svæði. Í fyrsta sinn er gerður vaxtarsamningur við Suðurnes. Nýir vaxtarsamningar voru undirritaðir af Katrínu Júlíusdóttur iðnaðarráðherra og fulltrúum atvinnuþróunarfélaganna í iðnaðarráðuneytinu í síðustu viku. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2010 er gert ráð fyrir að fjárveiting til vaxtarsamninga verði 215 milljónir á því ári en ákvæði í samningunum um fjármögnun næstu ára eru með fyrirvara um fjárveitingar Alþingis.

Í drögum iðnaðarráðherra að byggðaáætlun 2010 til 2013 er byggt á því að vaxtarsamningar verði ein helsta burðarstoð atvinnuþróunar og nýsköpunar í áætluninni. Tilgangurinn er að

efla staðbundna klasa og auka áhrif heimamanna á stefnumótun, framkvæmd og eftirfylgni. Mið er tekið af þeirri vinnu sem nú er í gangi við gerð heildstæðrar sóknaráætlunar fyrir alla landshluta og skipting samninganna að nokkru samræmd svæðaskiptingu áætlunarinnar.

Í stað þess að leggja sömu fjárhæð til allra samninganna eða miða eingöngu við fólksfjölda var ákveðið að taka tillit til mismunandi aðstæðna á hverju svæði fyrir sig.

Fólksfjöldi, vegalengdir, samgöngur og atvinnustig skipta til dæmis miklu máli. Við skiptingu fjár til vaxtarsamninga er miðað við fimm lykilþætti sem vegnir eru saman. Þeir eru fólksfjöldi á svæðinu, þéttleiki byggðar (hálandissvæði ofan 200 m.y.s. ekki reiknuð með), atvinnuleysi, íbúapróun og hagvöxtur síðustu ár á svæðinu.

Samanlagt er með þessu tekið tillit til bæði þróunar undanfarna ára og sérstakra aðstæðna.

– thelma@bb.is



Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra og Þorgeir Pálsson, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða undirrita nýjan vaxtarsamning Vestfjarða.

Óbreyttur fjöldi leigusamninga

Jafn margir leigusamningar voru þinglýstir í síðasta mánuði á Vestfjörðum og í desember eða sex. Sömu sögu er að segja ef lítið er ár aftur í tímann en í janúar 2009 voru þinglýstir leigusamningar einnig sex. Flestir samningar voru þinglýstir í mars 2009 eða þrettán. Heildarfjöldi leigusamninga á landinu öllu voru 898 í síðasta mánuði sem er 0,8% minnkun frá janúar 2009 en 51,9% fjölgun frá des-



ember 2009. Ef lítið er til sömu mánaða er aukningin mest á Vesturlandi eða 287,5%. Þar fjölgaði samningunum úr 16 í 62. Á höfuðborgarsvæðinu var

fjölgunin 39,5%. Þar voru 413 leigusamningar þinglýstir í desember á móti 576 í síðasta mánuði.

Leigusamningum fjölgaði mest á Norðurlandi milli ára eða um 22%. Fækkunin var hins vegar mest á Vesturlandi eða 21,5%. Á höfuðborgarsvæðinu varð lítilsháttar fjölgun eða sem nemur 1,6%. Þetta kemur fram á vefsíðu Fasteignaskrár Íslands.

– kristjan@bb.is

Dýrfinna valin bæjarlistamaður Akraness

Ísfrski gullsmiðurinn og skartgripahönnuðurinn Dýrfinna Torfadóttir hefur verið útnefnd bæjarlistamaður Akraness í ár. Í rökstuðningi stjórnar Akranessstofu fyrir tilnefningunni segir meðal annars að Dýrfinna hafi vakið athygli víða um land fyrir skartgripi sína og margvíslega hönnun. Um leið hafi hún vakið athygli á Akranesi með störfum sínum og listsköpun. Hún hafi m.a. skipulagt heimsóknir hópa gesta og ferðafólks til bæjarins til að kynna þeim listsköpun og menningu á Akranesi og allt það

sem bærinn hefur upp á að bjóða.

Í greinargerðinni segir ennfremur að Dýrfinna hafi sem skartgripahönnuður skapað sér sérstakan og persónulegan stíl, sem einkennist af frumlegri og oft óhefðbundinni efnismeðferð og djarfri útfærslu. Með þessu hafi hún skipað sér í röð eftirsóknarverðustu gullsmiða og skartgripahönnuða á Íslandi. Dýrfinna hlaut 1. verðlaun fyrir tískuskartgrip ársins þrjú ár í röð frá '97-'99. Dýrfinna fæddist í Reykjavík 1955 en ólst upp á Ísafirði. Hún bjó þar eftir að námi lauk en hún

fluttist á Akranes haustið 2001. Dýrfinna nam sitt fag á Akureyri og í Valdres í Noregi þar sem hún lauk meistaranámi í gullsmíði árið 1983.

Dýrfinna sagði þegar hún hafði veitt viðurkenningunni viðtöku að sér væri þetta mikill heiður og tilhlökkun. Um leið einnig hvatning, en það fylgir bæjarlistamanninum að halda sýningu í lok árs þar sem afraksturinn verður kynntur.

Frá þessu var greint á vef Skessuhorns.

– thelma@bb.is

Veðurstofa Íslands

Sérfræðingur á sviði ofanflóða

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing við Snjóflóðasetur Veðurstofunnar á Ísafirði. Um er að ræða framtíðarstarf.

Starfssvið

Rannsóknir, öflun og skipulagning rannsóknarverkefna á sviði ofanflóðamála, auk verkefnisstjórn slíkra verkefna. Sérfræðingurinn mun m.a. vinna að sértæku rannsóknarverkefni er nær til tölfraeðilegrar rannsóknar á snjóflóðagögnum þar sem notast er við líkan sem reiknar flæði snjóflóða.

Menntun og hæfniskröfur

- Meistara- eða doktorspróf í raunvísindum eða verkfræði
- Farsæl reynsla af rannsóknum og verkefnisstjórnun í sambærilegum verkefnum
- Skipulögð vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta, þá sér í lagi forritunarkunnátta
- Góð færni í töluðu og rituðu máli á íslensku og ensku æskileg
- Reynsla af útvíst við íslenskar vetraraðstæður er kostur

Á Snjóflóðasetri Veðurstofunnar á Ísafirði eru sjö starfsmenn. Setrið er í Vestrahúsinu þar sem einnig eru fjölmargar aðrar rannsóknarstofnanir og Háskólasetur Vestfjarða.

Um er að ræða fullt starf og fara launin eftir kjarasamningi ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veita Harpa Grímsdóttir útibússtjóri Snjóflóðaseturs (harpa@vedur.is, s. 8430413), Jörunn Harðardóttir, framvæmdastjóri Úrvinnslu- og rannsóknarsviðs (jorunn@vedur.is, s. 8628323) og Borgar Æ. Axelsson mannauðsstjóri (borgar@vedur.is, s. 5226000).

Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar 2010.

Umsóknir sem greina frá menntun, reynslu og fyrri störfum skulu berast Borgari Ævari Axelssyni, Bústaðavegi 9, 150 Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið borgar@vedur.is merkt „Sérfræðingur á snjóflóðasetri“.



Nemendur Menntaskólans skemmtu sér á árshátíð

Árshátíð Menntaskólans á Ísafirði var haldin á föstudagskvöld og þótti hún afar vel heppnuð. Að þessu sinni komu nemendur og kennarar saman í skíðaskálanum í Tungudal, snæddu saman ljúffengan mat frá veitinga-

staðnum Thai Koon og horfðu á skemmtiatriði. „Hátíðin heppnaðist vel. Maturinn var mjög huggulegur og finn og það var mjög gaman.“ Alberta Gullveig Guðbjartsdóttir, formaður Nemendafélags MÍ. Hún segir að meðalmæting

hafi verið á matinn en afar vel hafi verið mætt á ballíð þar sem XXX Rotweilerhundar og DJ JB léku fyrir trylltum dansi. Gunnlaugur Jónasson yngri sá um veislustjórn. Meðfylgjandi myndir frá árshátíðinni tók Anton Eðvarð Kristensen.

Vinnuvélaréttindi

Vinnuvélanámskeið á Ísafirði hefst 26. febrúar klukkan 17:00 að Sindragötu 7, Sundahöfn.

Námskeiðið veitir próftökurétt á allar stærðir og gerðir vinnuvéla s.s. gröfur, ýtur og krana.

Nánari upplýsingar og skráning á www.meirapróf.is eða í síma 822-4502

NÝI
ÖKUSKÓLINN





ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ

33.8x33.8 sm



2.990 kr/m²
~~3.490 kr/m²~~

Club
Frostpolar gölflisar, brúnt, grátt, beige
8630745-7

Frostpolar



3.990
~~5.779~~

Kúpull
Rakapéttur IP44
6010245



4.499
~~5.295~~

LADY
VEGG
Silkematt 10
Vannbasert

Slitsterkasta málningin frá Jotun

Lady 3 ltr.
Hágæða málning. Þekur í tveimur umferðum. Mjög auðvelt að þvo af erfiða bletti. Þolir mikinn raka og má nota inn í sturtu.
7122200-39

40x60, 60x90 og 90x120 sm



25%
afsláttur

Rykmatgur
margir litir, 3 stærðir.
8260550-88



20%
afsláttur

HENRAD OFNAR
10
ÁRA
ÁBYRÐ

Henrad ofnar

Pvottavél og þurrkari
Frábær saman

Electrolux
3ja ára ábyrgð



1200 snúninga

saman 176.900
meðan birgðir endast

Pvottavél **95.900**
1805455 ~~114.900~~

Þurrkari **89.900**
1805461 ~~109.900~~



9.900
~~12.999~~

Skolvaskur
Plast
8031331



7.699

Blöndunartæki
Sole
7900007

Skoðaðu úrvalið á
www.husa.is



HÚSASMÍÐJAN

Slysaðist út í tónlistina

Poppsöngkonan og lagasmiðurinn Lára Rúnarsdóttir hefur verið að gera góða hluti undanfarin misseri. Í haust sendi hún frá sér sína þriðju plötu, Surprise, sem inniheldur 11 frumsamin lög. Áður hafði hún gefið út Standing Still árið 2003 og Þögn árið 2006. Lára er ættuð frá Ísafirði og segist hún endurnærast við að koma vestur. Þá segist hún jafnvel ætla sér að flytja vestur þegar tími gefst. Bæjarins besta spjallaði við þessa ungu og upprennandi poppstjörnu.

– Hefurðu alltaf verið í tónlistinni?

„Ég byrjaði í forskóla þegar ég var um 5-6 ára en byrjaði að læra á píanó 9 ára.“

– Var stefnan alltaf að hasla sér völl í tónlistinni?

„Nei reyndar var það aldrei ætlunin fyrr en það var orðið að veruleika. Maður lét sig alveg dreyma um það þegar maður var unglingur að verða fræg poppstjarna en það var aldrei beint stefnan. Mig langaði mikið frekar að verða leikkona, kennari eða rithöfundur þegar ég var yngri. En svo slysaðist ég út í tónlistina sem betur fer og ég er bara ánægð með það.“

– Lára Rúnarsdóttir hóf söngnám í Söngskólanum í Reykjavík, en stundaði síðan um árabil söngnám við Tónlistarskóla Kópavogs.

„Ég kláraði nám í klassískum söng 2006 og tekið þátt í nokkrum óperuuppfærslum í skólanum, m.a. Töfraflautunni eftir Mozart og Orfeo eftir Monteverdi.“

– Ertu jafnvíg í klassískri tónlist og popptónlist?

„Nei ég mundi nú ekki segja það, það er of mikil tækni í klassískri tónlist sem á ekki vel við mig, en allur skóli er góður skóli.“

– Samhliða söngnámi nam Lára við Kennaraháskóla Íslands

„Ég útskrifaðist 2007 sem tónlistarkennari. Ætlunin var alltaf að koma vestur og kenna og ég stefni á að gera það þegar ég fer út í kennsluna. Ég býst þó ekki við að það verði neitt á næstunni, ekki líklegt að maður fari út í breytingar þegar maður hefur góða vinnu og svona. En mig langar til að flytja vestur einhvern tímann. Hvort sem það verður í einn vetur eða meira.“

Músikölsk fjölskylda

– Lára er dóttir Rúnars Þórissonar, sem flestir tónlistaráhugamenn þekkja sem gítarleikarann í ísfrisku hljómsveitinni Grafík, og Ísafirðingsins Örnú Vignisdóttur.



ur.

„Pabbi kom sem ungur maður til Ísafjarðar með Rafni Jónssyni tónlistarmanni og kynntist mömmu.“

– Lára hefur því frá barnaldri verið tíður gestur á Ísafirði

Mér finnst yndislegt að koma vestur. Það endurnærir mig. Ég reyni að koma nokkrum sinnum á ári, t.d. þegar það eru langar helgar. Amma og afi eiga hús á Urðarvegi, þótt þau búi í bænum yfir veturinn, og við höfum því alltaf samastað á Ísafirði.

Ég vann í fjögur sumur á Ísafirði sem unglingur í Hafnarbúðinni sem hét þá Ólíufélag útvegsmanna en afi og amma, Vignir Jónsson og Lára Helgadóttir, sáu um að reka það.“

– Tónlistin er mikið ríkjandi í fjölskyldu Láru og segist hún fá þaðan mikinn stuðning.

„Við erum öll frekar músikölsk. Pabbi er náttúrulega Grafíkarl og hann er að klára plötu núna, mamma er snillingur í að semja nýja texta við lög sem hún

er að raula, Margrét systir mín er svakaleg söngkona, næsta Ragnheiður Gröndal og Þórir bróðir er reyndar bara góður í öllu sem hann nennir að gera.“

Alltaf að semja

– Eftir annasaman tíma fyrir jóla ákvað Lára að taka sér hvíld en hvað tekur svo við?

„Við tókum okkur pásu frá spilamennskunni í janúar en svo er ég að fara að bóka aftur í febrúar og byrja þá aftur að spila

á fullu. Aldrei fór ég suður er draumagigg um páskana. Svo er ætlunin að taka hring um landið í sumar og hugsanlega út fyrir landsteinanna ef það gengur eftir.“

– Ertu alltaf að semja tónlist? „Já ég setti mér það markmið að semja einhvern lagabút á hverjum degi næstu dagana. Það er best að halda sér við efnið.“

– Er þá von á nýju efni frá þér á næstunni?

„Já.“

– *thelma@bb.is*

Ritz-kjúklingur að hætti Óskar

Sælkeri vikunnar býður upp á ljúffengan kjúklingarétt þar sem punkturinn yfir i-ið er ritzkex. Einnig býður hún upp á bragðgóðar hafra- og rúsinukökur.

Ritzkjúklingur

2 sætar kartöflur
1 poki spinat
1 krukka fetastur
4 kjúklingabringur
Ritzkex
Mangó chutney

Kartöflur skornar í sneiðar og raðað í eldfast mót. Spinati dreift yfir og síðan fetastí. Bringurnar skornar í þrennt og lokað á þönnu ásamt mangó chutney. Bringurnar síðan lagðar í eldfasta mótið

og ritzkex mulið yfir. Eldað í u.þ.b 30-40 mín á 200°C.

Hafra- og rúsinukökur

1 bolli smjör
1 bolli púðursykur
2 egg
1 tsk vanilludropar
1 1/2 bolli hveiti
1 tsk lyftiduft
3 bollar hafframjöl

1 tsk engifer
1 tsk múska

Hrærið saman smjör, púðursykur, egg og vanilludropa og svo restinni. Það má sleppa öllum kryddunum eða setja bara eitt eða fleiri eftir smekk. Setjið deigið með matskeið á plötu og hafa gott bil á milli. Bakið við 175°C í 8-10 mín.

Sælkerinn

1/2 tsk salt
1 bolli rúsinur
1 tsk kanill

Ég skora á Hálfdán Bjarka Hálfdánsson á Ísafirði að verða næsti sælkeri vikunnar.



Sælkeri vikunnar er Ósk Mubaraká á Ísafirði.

Hvergi fleiri matreiðslumeistarar á einum veitingastað

Ekkert veitingastaðaðhúsi státar af jafnmörgum matreiðslumeisturum og á veitingastaðnum Við Pollinn á Ísafirði, eftir því sem blaðamaður kemst næst. Frá áramótum hafa þrjú matreiðslumeistarar starfað þar. „Þetta er eini staðurinn þar sem eru svona margir matreiðslumeistarar eru, en alls staðar þar sem nemar eru er minnst einn matreiðslumeistari,“ segir Halldór Karl Valsson matreiðslumeistari. Ásamt honum luku þeir Eiríkur Gísli Johansson og Trausti Már Grétarsson tveggja ára matreiðslumeistaranámi um síðustu áramót. „Það er mjög sjaldgæft að það séu svona margir matreiðslumeistarar á sama stað. Það er nefnilega vöntun á matreiðslumeisturum,“ segir Halldór og bætir við að þörf sé á nemum Við Pollinn. „Ég held einnig að miðað við höfðatölu séu flestir matreiðslumeistarar á Ísafirði en svona fljótt talið þá erum við sex eða sjö sem búum hér.“

Næsta stóra verkefni hjá hinum nýbökðu matreiðslumeisturum



Halldór Karl Valsson, Eiríkur Gísli Johansson og Trausti Már Grétarsson matreiðslumeistarar.

er hátíðin Fóður og fjör sem haldin verður Við Pollinn í þriðja sinn dagana 18.-20. febrúar. „Við reynum að vinna sem mest úr vestfirsku hráefni og Blúsband Ísafjarðar mun spila að borðhaldi loknu. Það er því von á flottri

veislu,“ segir Halldór. Á undanförunum árum hefur matarhátíðin Food & fun í Reykjavík áunnið sér veglegan sess í borgarlífinu en síðan hafa veitingastaðir úti á landi slegist í för með höfuðborgarbúum. Halldór telur þó lík-

legt að hátíðin á Við Pollinn verði nú haldin án samstarfs við aðra staði. „Hátíðin hefur heppnast mjög vel hjá okkur og við vildum halda áfram með það. Svo við ákváðum að kyla á það.“

– thelma@bb.is



Helga sjötug

Helga Sigurgeirsdóttir, fædd 18. febrúar 1940, er sjötug í dag. Hún er Ísafirðingur og hjúkkuskvísa. Í nóvember 1964 giftist hún Jörundi Sigtryggssyni, hann lést 11. júní 2005. Hún lærði ung hjúkrunarfræði og er löngu komin með meistaraprófsréttindi í hjúkrun, umönnun og öllum mannlegum samskiptum.

Hún hefur unnið á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði síðastliðin 55 ár. Í nógu hefur verið að snúast í gegnum tíðina, barnaupplendi og hjúkkestörf á milli þess sem hún hefur sungið sig inn í hug og hjörtu samferðafólks síns, ýmist með Sunnukórnum eða sjúkrahúskórnum.

Helga er fjögurra dætra móðir og á nú að auki 14 ömmubörn og fimm langömmubörn. Margvíslegum áhugamállum hefur hún sinnt á liðnum árum, fyrir utan sönginn ber helst að nefna félagsstarf Zonta og félag sjálfstæðiskvenna á Ísafirði. Hún hefur líka brennandi áhuga á golfíþróttinni, þrjónaskap og að njóta samvista við fjölskylduna.

Við óskum þér innilega til hamingju með daginn mamma. *Eygló, Sirrý, Linda og Martha.*

Helga tekur á móti gestum í Oddfellowsalnum laugardaginn 20. febrúar milli kl. 15 – 19 og eru allir velkomnir.

Byggðasafnið fær hluta af arfi Hjálmars

Byggðasafn Vestfjarða fær 10% af arfi Hjálmars R. Bárðarsonar, fyrrverandi siglingamálastjóra, sem lést 7. apríl á síðasta ári. Hjálmar lét eftir sig erfðaskrá þar sem hann ánaðnaði stofnunum allar sínar eigur, jafnt fasteignir sem lausafé. Ekki er fyllilega ljóst um hversu háa upphæð er að ræða, en talið er að eignarnar nemi um 170 milljónum króna. Byggðasafn Vestfjarða fékk



einnig eintak af öllum bókum Hjálmar, sem eru fjölmargar, en þar ber hæst bækur um náttúru Íslands sem honum var mjög umhugað um. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvornig arfinum verður varið, en hugmyndir eru uppi um að nota hluta hans til að gera við slippinn í Neðstakaupstað, en það var faðir Hjálmars, Bárður G. Tómasson, sem byggði hann árið 1919 og hann átti hvað

stærstan þátt í því að koma Byggðasafni Vestfjarða á fót.

Arfur Hjálmars R. Bárðarsonar skiptist eftirfarandi á milli stofnana. Byggðasafn Vestfjarða, Þjóðminjasafn Íslands, Sjóminjasafnið í Reykjavík og Fuglaverndunarfélag Íslands fá 10% hvert og Landgræðslusjóður og Landgræðsla ríkisins fá 30% hvort.


– kristjan@bb.is

Ástir í ljósi



40%
afsláttur


Verð: 2.390,-
Verð áður: 3.990,-



1.500
krónur

Verð: 1.500,- Verð áður: 4.490,-

40%
afsláttur



Verð: 1.600,- Verð áður: 2.680,-

Karlmenn athugið!

Það margþorgar sig að muna eftir konudeginum á sunnudag.
Frábær tilboð í Eymundsson í tilefni dagsins.

Tilboð gilda til og með 21. febrúar 2010.